

Mál nr. 209/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V): (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Árekstur. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 2. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 14. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. október 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum ók M á bifreið sinni A, þann 3. apríl 2025, eftir Hafnarfjarðarvegi á hægri akrein þegar bifreiðinni B var ekið af vinstri akrein yfir á þá akrein sem M ók eftir með þeim afleiðingum að hægri hliðarspegill bifreiðarinnar B fór utan í A. Var bifreiðinni B ekið af vettvangi en M náði ljósmynd af bifreiðinni. Samkvæmt tjónstilkynningu, hafði M í kjölfar árekstursins samband við eiganda B, sem gekkst ekki við tjóninu. V1 sem er tryggingafélag A, sendi málið til rannsóknar hjá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi, sem bar saman ákomur á bifreiðunum. Í skýrslu þeirra segir: „Skýrsluritari sá tvær ákomur á hægri hliðarspegil [B]. Hæð ákomna á hliðarspegli [B] passaði við tvær langar láréttar rispur á vinstri afturhurð [A]. Enginn önnur sjáanleg ákoma var á hægri hlið [B]. Skýrsluritari telur að eingöngu þessar tvær rispur á [A] séu eftir hægri hliðarspegil [B]. Annað tjón á vinstri afturhurð [A] telur skýrsluritari vera eldra tjón. Þrátt fyrir þessa skýrslu hafi V2, vátryggingafélag B, hafnað bótaskyldu.

V1 vísar í athugasemdum sínum til fyrirbyggjandi gagna og telur sannað að A hafi orðið fyrir tjóni þegar B ók utan í A við að skipta um akrein, enda liggi fyrir ítarleg rannsóknarskýrsla frá Aðstoð & öryggi og ljósmynd af B á tjónsstað. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, beri ökumanni að ganga úr skugga áður en hann skiptir um akrein, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Út frá gögnum liggi ljóst fyrir að ökumaður B skipti um akrein í aðdraganda áreksturs og fór utan í bifreið M og beri á því alla sök.

Í athugasemdum V2, kemur fram að á grundvelli skýrslu frá Aðstoð & öryggi, telji félagið sannað að snerting hafi orðið milli bifreiðanna. Það sé hins vegar afstaða V2 að ekki hafi orðið aukning á fjárhagslegu tjóni M við það að umræddar tvær rispur hafi bæst við og telur V2 því að M eigi ekki rétt á bótum vegna atviksins. Á bifreiðinni hafi fyrir verið fjöldi rispa og beyglur. Það hafi því þurft að rétta hurðina og sprauta óháð umræddu tjóni. Rispurnar kalli ekki á réttingu og kostnaður við að sprauta hurðina hafi ekki aukist með tilkomu umræddra tveggja rispa. Mikilvægt sé að ítreka þær meginreglur skaðabóta- og vátryggingaréttar að tjónþoli skuli ekki hagnast á vátryggingaratburði og að tjónþoli eigi einungis rétt á því að fá bætt raunverulegt fjártjón sitt.

Í viðbótarathugasemdum M eru gerðar athugasemdir við afgreiðslu V2 í þessu máli. Upphaflega hafi því verið hafnað að snerting hafi orðið með bifreiðunum en nú sé hafnað að bæta tjónið sem sannanlega varð á A. Finnst M ekki eðlilegt að V2 sé að gangast við því að viðskiptavinir þeirra geti ekið utan í önnur ökutæki sem séu beygluð án þess að það leiði til bótaskyldu.

Álit.

V2 hefur fyrir nefndinni fallist á að snerting hafi orðið umrætt sinn með bifreiðunum A og B og að skemmdir á A, þ.e. tvær rispur á vinstri afturhurð, séu tilkomnar vegna snertingar hliðarspegils B við vinstri afturhurð A. Ekki virðist sem ágreiningur sé milli aðila um að B beri alla sök á umræddum árekstri. Snýr ágreiningur fyrir nefndinni því eingöngu að því hvort V2 sé heimilt að hafna greiðslu bóta vegna tjóns á B á grundvelli þess að fyrir voru skemmdir á vinstri afturhurð bifreiðarinnar.

Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar og 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 á tjónþoli rétt á fullum bótum fyrir það tjón sem sannanlega verður við vátryggingaratburð. Á sama hátt á M ekki að hagnast á tjóninu. Það breytir því ekki að ef nýtt tjón bætist við eldri skemmdir ber að meta

hvort nýja tjónið hafi sjálfstæða fjárhagslega þýðingu. V2 hefur ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að ekki sé unnt að aðgreina nýtt tjón frá eldra tjóni eða að skipta viðgerðarkostnaði á hurðinni niður milli eldra tjóns og tjóns af völdum B. Það er á ábyrgð V2 að sýna fram á að nýjar skemmdir hafi enga fjárhagslega þýðingu. Slík sönnun liggur ekki fyrir. Af því ber V2 hallann og ber því að bæta M það tjón sem sannanlega varð á bifreiðinni A vegna árekstursins.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir